



Gullkort Arion banka

Skilmáli F-6

Viðskiptavinir Arion banka sem hafa gilt Gullkort njóta tryggingaverndar samkvæmt skilmála þessum.

Um þau atriði sem ekki er öðruvísi um samið skv. skilmálum þessum fer eftir ákvæðum laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Helstu þættir tryggingarinnar og hámarksbætur eigin áhættu eru:

Bótapáttur	Hámarksfjárhæð	Eigin áhætta
Ferðaslysatrigging	kr. 9.000.000	
Sjúkrakostnaður	kr. 16.000.000	kr. 25.000*
Ferðarof	kr. 200.000	
Forfallatrigging	kr. 200.000	kr. 15.000*
Samfylgd í neyð	kr. 200.000	
Endurgreiðsla ferðar	kr. 360.000	
Farangurstygging	kr. 400.000	kr. 25.000
Farangurstöf	kr. 80.000	
Innkaupatrigging	kr. 200.000	kr. 25.000
Ábyrgðartrygging	kr. 40.000.000	kr. 25.000

* Eigin áhætta fyrir hvern váttryggðan.

Korthafar njóta einnig þjónustu **SOS International**, sem er alþjóðleg neyðarþjónusta vegna alvarlegra slysa og veikinda erlendis.

Skilgreiningar

Í skilmála þessum merkja eftirfarandi hugtök:

Alfaraleið er leið sem er farin á vegum eða slóðum. Hugtakið utan alfaraleiðar á við um leið sem ekki tengist endilega vegum, slóðum eða stígum og getur legið um holt og móa skv. 1. tl. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 60/2013.

Dvalarkostnaður merkir gistingu, ferðakostnað og annan nauðsynlegan kostnað samkvæmt mati félagsins hverju sinni.

Fæðiskostnaður telst ekki til dvalarkostnaðar.

Dvalarland merkir land þar sem váttryggður hefur lögheimili, búsetu vegna náms eða starfs eða hefur búið samfellt í a.m.k. 180 daga.

Ferðakostnaður merkir fargjald og gistikostnað.

Félagið merkir Vörður tryggingar hf.

Flutningsslys á munum merkir atvik þegar almenningsfarartæki hlekkist á og það veldur tjóni á hinum váttryggðu munum. Enn fremur merkir það tjón á munum í vörslu flutningsaðila vegna ferðar.

Kreditkort merkir kort gefið út af Arion banka.

Korthafi er sá sem hefur Gullkort í gildi.

Náinn ættingi merkir maki, sambýlismaki, foreldri, tengdforeldri, tengdabörn, (gift eða í skráðri sambúð), stjúpbörn, afa eða ömmu, barn, barnabarn, systkini eða unnustu/a váttryggðs, systkini sambýlismaka og afi eða amma sambýlismaka.

Náinn samstarfsmaður merkir þann sem váttryggður er staðgengill fyrir eða meðeiganda í atvinnurekstri.

Sambýlismaki merkir að sambúðaraðilar hafi sameiginlegt: a) skráð lögheimili, b) skattframtal eða c) sambúðin hafi sannanlega varað í a.m.k. eitt ár.

Slys merkir skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur líkamsmeiðslum á váttryggðum og gerist án vilja hans.

SOS International er neyðarþjónusta vegna alvarlegra slysa og veikinda erlendis.

1. Kafli. Gildisákvæði

1. gr. Hvar og hvenær gildir tryggingin?

- Korthafi nýtur trygginga samkvæmt þessum skilmála meðan kreditkort hans er í gildi og samningur er um tryggingarnar á milli félagsins og Arion banka.
- Þó gildir ferðatrygging samkvæmt korti, sem korthafi hefur í gildi á greiðsludegi ferðar ef ferð er farin innan 6 mánaða frá greiðslu ferðar þrátt fyrir að korthafi segi upp kortinu innan þess tíma. Sömu tímamörk gilda þegar korthafi tekur upp nýtt kort sem hefur ekki eins viðtæka váttryggingarskilmála og fyrra kort.
- Váttryggingin gildir á ferðalagi frá heimili váttryggðs í allt að 60 samfellda ferðadaga.
- Sé um ferðalag á Íslandi að ræða er váttryggingin því aðeins gild þegar a.m.k. helmingur ferðakostnaðar hafi verið greiddur með Gullkort váttryggðs eða gistirými hafi verið bókað fyrirfram og kortanúmer gefið upp til greiðslu. Skilyrði þessi skulu í öllum tilfellum vera uppfyllt fyrir brottför frá heimili váttryggðs.
- Váttryggingin gildir ekki á ferðalögum á landi eða legi utan alfaraleiða.

2. gr. Hver er váttryggður?

- Váttryggingin nær til korthafa Gullkorts sem gefin eru út af Arion banka. Tryggingin nær einnig til maka, sambýlismaka og barna á framfæri til loka 22 ára aldurs.
- Váttryggður sem býr utan Íslands er váttryggður skv. c. lið 1. gr. þegar hann ferðast til annarra landa, en ekki á ferðalögum innan dvalarlandsins.

2. Kafli. Ferðaslysatrygging

3. gr. Hvað bætir tryggingin?

Verði váttryggður fyrir slysi á ferðalagi greiðast bætur í eftirfarandi tilvikum:

- Dánarbætur vegna slyss á ferðalögum
 - Dánarbætur eru kr. 9.000.000
 - Dánarbætur greiðast til þess sem rétt á til bótanna skv. 2. og 3. mgr. 100. gr. laga nr. 30/2004.
- Varanleg örorka, allt að kr. 9.000.000 eftir örorkustigi frá 16% til 100% svo sem hér greinir:

algjör varanlegur missir sjónar, á öðru auga eða báðum	100%
missir handar við úlnið eða ofar	100%
algjör, varanleg lömun annarrar eða beggja handa	100%
missir fótar við ökkla eða ofar	100%
algjör, varanleg lömun annars eða beggja fóta	100%
algjör, ólæknandi vitskerðing	100%
algjör, ólæknandi lömun	100%
algjört, ólæknandi heyrnarleysi	50%
algjört, ólæknandi heyrnarleysi á öðru eyra	30%
missir þumalfingurs hægri handar	20%

Algjör varanleg lömun útlíms bætist sem missir þess útlíms. Önnur varanleg örorka 16% og hærri er einnig bætt en þær bætur fara eftir mati sem gert er með hliðsjón af töflum Örorkunefndar um miskastig. Ekki er tekið tillit til starfs eða starfshæfni. Sé hinn váttryggði örvhentur greiðast bætur vegna tjóns á vinstri hendi eins og um þá hægri væri að ræða.

4. gr. Takmörkun á bótaskyldu

- Dánarbætur samkvæmt a. lið. 3. gr. vegna einstaklings sem er innan 18 ára aldurs þegar hann slasast, takmarkast við 10% af dánarbótum.
- Sé váttryggður 60 ára eða eldri verða váttryggingarfjárhæðir eftirgreindir hundraðshlutar af hámarksfjárhæðum, sem tilgreindar eru í a. og b. lið 3. gr.

60-61 árs 90%	68-69 ára 50%
62-63 ára 80%	70-71 árs 40%
64-65 ára 70%	72-73 ára 30%

66-67 ára 60%

74 ára og eldri 20%

Bætur vegna a. og b. liða 3. gr. greiðast því aðeins ef slysið leiði til andláts eða varanlegrar örorku innan 24 mánaða frá slysdegi.

Hámarksupphæð bóta fyrir eitt slys eða fleiri sem váttryggður verður fyrir í einni og sömu ferð verða aldrei hærri en kr. 12.000.000.

3. Kafli. Sjúkrakostnaður á ferðalagi erlendis

5. gr. Hvað bætir tryggingin?

Félagið greiðir bætur allt að kr. 16.000.000 vegna slyss eða veikinda hvers einstaklings, sem váttryggingin nær til.

Félagið bætir eftirfarandi:

- Læknis- og sérfræðikostnað, sjúkrahúsvist, hjúkrun, lyfjakostnað og meðferð skv. læknisvottorði viðkomandi sjúkrastofnunar, vegna þess að váttryggður veikist eða slasast í ferðinni.
- Sjúkraflutning í því landi sem slys eða veikindi verða og nauðsynlegan aukadvalarkostnað og heimferðarkostnað í samráði við félagið eða SOS INTERNATIONAL.
- Ferðakostnað fylgdarmanns telji læknir þess þörf.
- Kostnað vegna flutnings hins látna til Íslands eða dvalarlands, andist váttryggður erlendis, svo og fargjald fylgdarmanns hans og kostnað við lögboðnar ráðstafanir.
- Kostnað við nauðsynlega tannlæknaþjónustu vegna sannanlegs slyss eða til þess að linna þjáningar.

6. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Félagið greiðir ekki:

- kröfur vegna hvers kyns slysa, veikinda og sjúkdóma, sem hinn váttryggði hefur þjáðst af og hefur notið læknishjálpar og/eða meðferðar við á síðustu 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Með meðferð er meðal annars átt við hverskonar meðhöndlun sem ætlað er að bæta eða viðhalda líkamlegu eða andlegu heilsufari, svo sem læknikomur, lyfjanotkun, endurhæfingu, ráðgjöf, viðtöl, sérfræði og óhefðbundnar lækningameðferðir.
- kostnað sem greiddur er skv. gagnkvæmum samningi sem Sjúkratryggingar Íslands eru aðilar að.
- kostnað við meðferð og/eða eftirmeðferð á Íslandi eða í dvalarlandi.
- meðferðir erlendis sem standa lengur en í 3 mánuði.
- sjúkdóms eða slyss sem á rót sína að rekja til neyslu áfengis, ávana- eða fikniefna.
- ónýttan hluta ferðakostnaðar né nýja utanlandsferð í stað þeirrar sem rofin var.
- aukinn kostnað við nýja heimferð nema fyrir liggi staðfesting frá sjúkrastofnun erlendis.
- tjón sem rekja má til þess að váttryggður:
 - mátti vænta þess að fæða barn áður en heim kæmi eða ef heimkomudagur var eftir 32. viku meðgöngu.
 - ferðast í trássi við ráðgjöf starfandi læknis, eða í þeim tilgangi að leita lækni meðferðar erlendis.
- sjúkrareikninga sem berast eftir að tólf mánuðir eru liðnir frá váttryggingaratburði.

7. gr. Tilkynningarskylda

Váttryggðum ber að tilkynna félaginu eða SOS INTERNATIONAL svo fljótt sem verða má um alvarleg slys eða alvarleg veikindi váttryggðs á ferðalagi erlendis.

8. gr. Eigin áhætta

Hver og einn váttryggður ber eigin áhættu kr. 25.000 í hverju tjóni.

4. Kafli. Ferðarof

9. gr. Hvað bætir tryggingin?

Félagið greiðir nauðsynleg viðbótarútgjöld allt að kr. 200.000 vegna heimferðar til Íslands eða dvalarlands, ef váttryggður neyðist til að rjúfa dvöl sína utanlands vegna:

- andláts, alvarlegs slyss eða skyndilegra alvarlegra veikinda maka, barna, foreldra, systkina eða annarra náinna ættingja.
- verulegs eignartjóns á heimili váttryggðs eða í einkafyrirtæki hans, sem gerir nærveru hans nauðsynlega.

10. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Félagið greiðir ekki:

- ónýttan hluta ferðakostnaðar né nýja utanlandsferð í stað þeirrar er rofin var.
- kostnað vegna hvers kyns veikinda eða sjúkdóma sem náinn ættingi þjáðist af, þegar staðfestingargjald var greitt.
- kostnað við heimferð, ef ekki liggur fyrirfram greiddur kostnaður við heimferð.

5. Kafli. Forfallatrygging

11. gr. Hvað bætir tryggingin?

Félagið bætir ferðakostnað sem greiddur er fyrirfram eða samið er um fyrirfram greiðslu á og ekki fæst endurgreiddur frá öðrum aðilum s.s. kortafyrirtækjum eða ferðaþjónustuaðilum, allt að kr. 200.000 vegna ferðar sem hinn váttryggði kemst ekki í ef ástæðan er ein af eftirfarandi:

- andlát, líkamsmeiðsl, veikindi, barnsburður eða sóttkvi hins váttryggða enda vottað af starfandi lækni.
- náinn ættingi eða náinn samstarfsmaður andist, hljóti alvarleg líkamsmeiðsl, eða veikist alvarlega, enda vottað af starfandi lækni.
- vitnaskylda fyrir dómi eða forföll vegna starfa sem váttryggður getur ekki vikið sér undan að vinna skv. lögum um skyldusóttkvi eða ef komið er í veg fyrir ferð vegna opinberra hafta sem leiða af farsótt.
- verulegt eignatjón á heimili váttryggðs eða í einkafyrirtæki hans, sem gerir nærveru hans nauðsynlega.
- röskun leiðir til a.m.k. 12 klst. tafar á brottför almenningsfarartækis hins váttryggða á útleið skv. ferðaáætlun sem honum hefur verið afhent.
- rán flutningsfars.
- ófyirséð tilfærsla á starfi á Íslandi eða dvalarlandi.

Framangreind tilvik skulu vera þess eðlis, að óhjákvæmilegt sé að afturkalla áður gerða pöntun. Bætur skv. þessum kafla eru greiddar vegna forfalla sem verða fram að brottför frá heimili váttryggðs.

12. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Félagið bætir ekki:

- tjón vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma, sem váttryggður þjáðist af og/eða var í meðferð vegna, þegar staðfestingargjald var greitt. Með meðferð er meðal annars átt við hverskonar meðhöndlun sem ætlað er að bæta eða viðhalda líkamlegu eða andlegu heilsufari, svo sem læknskomin, lyfjanotkun, endurhæfing, ráðgjöf, viðtöl, sérfaði óhefðbundin lækningameðferð.
- kröfur vegna hvers kvilla í tengslum við meðgöngu eða fæðingu sem koma upp eftir 36. viku meðgöngutíma sem leiða til forfalla.
- kröfur vegna forfalla sem verða eftir að ferð er hafin frá heimili váttryggðs.
- tjón sem stafa beint eða óbeint af eftirfarandi:
 - tilskipunum stjórnvalda (nema þeim er varða skyldusóttkvi).
 - yfirsjónum eða vanrækslu aðila er annast flutning eða gistingu eða yfirsjón umboðsmanns sem annaðist fyrirkomulag ferðarinnar.
 - tregðu váttryggðs til að ferðast eða af bágum fjárhag hans.
 - útgjöldum sem ferðaskrifstofu, gistihúsi eða flugfélagi ber að greiða.
 - breyting á fyrirhuguðum sumarleyfistíma.
 - aukagjöldum sem ferðaskrifstofa leggur á og hækka grundvöll verðskrár.
- tjón sem rekja má til þess að váttryggður mátti vænta þess að fæða barn áður en heim kæmi eða innan tveggja mánaða frá heimkomu eða ferðast í trássi við ráðgjöf starfandi læknis, eða í þeim tilgangi að leita læknismeðferðar erlendis.
- tjón sem stafa af því að vanrækt er að tilkynna ferðaskrifstofu eða þeim aðila sem útvegar flutningsfar eða gistingu að nauðsynlegt hafi reynst að fella ferð niður.

- g. tjón sem hlýst af því að váttryggður hefur ekki skráð sig til brottfarar samkvæmt ferðaáætlun sem honum hefur verið látin í té og breyting á áætlunartíma hefur ekki verið staðfest af flugfélagi eða ferðaskrifstofu.
- h. tjón sem stafa af því að flugvél eða skip er tekið úr þjónustu til bráðabirgða eða á annan hátt samkvæmt tillögu opinbers aðila.
- i. tjón sem stafa af verkfallsaðgerðum sem vitað var, þegar staðfestingargjald var greitt, að hefjast myndu fyrir brottför.
- j. tjón sem stafa af fjárhagserfiðleikum eða gjaldproti ferðaskrifstofa og annarra slíkra aðila sem annast farþegaflutninga.

13. gr. Læknisvottorð

Skila þarf útfylltu læknisvottorði á þar til gerðu eyðublaði félagsins þar sem fram koma upplýsingar um veikindi, meðferðir og greiningardag. Finna má eyðublaðið á vordur.is.

14. gr. Forfallatrygging ferðasala

Greiði korthafi sérstakt forfallagjald hjá ferðasala, eða sé það innheimt af honum við kaup ferðar, gildir forfallatrygging viðkomandi ferðasala í stað þessarar.

15. gr. Eigin áhætta

Hver og einn váttryggður ber eigin áhættu kr. 15.000. Börn tveggja ára og yngri greiða ekki eigin áhættu.

6. Kafli. Samfylgd í neyð

16. gr. Hvað bætir tryggingin?

Félagið greiðir:

- a. nauðsynlegan ferða- og dvalarkostnað allt að kr. 200.000 vegna ættingja eða vinar váttryggðs, sem dvelst hjá eða fylgir váttryggðum heim samkvæmt læknisráði og í samráði við SOS INTERNATIONAL eða félagið, vegna alvarlegs slyss eða veikinda váttryggðs.
- b. nauðsynlegan ferða- og dvalarkostnað allt að kr. 200.000 í samráði við félagið vegna náins ættingja eða vinar váttryggðs frá Íslandi eða dvalarlandi og heim aftur vegna alvarlegs slyss eða veikinda váttryggðs.

7. Kafli. Endurgreiðsla ferðar

17. gr. Hvað bætir tryggingin?

Félagið greiðir hlutfallslega allt að kr. 360.000 af óafturkræfum ferðakostnaði váttryggðs, fyrir þann hluta ferðarinnar, sem váttryggður getur ekki notað, vegna þess að hann þarf samkvæmt skriflegu læknisráði og með samþykki félagsins og SOS INTERNATIONAL að rjúfa ferð og fara heim eða hann þarf að liggja á sjúkrahúsi vegna alvarlegra veikinda eða slyss.

Bætur greiðast einungis fyrir þann sjúka og þá váttryggðu sem þurfa nauðsynlega að rjúfa ferð og fylgja honum heim.

18. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Váttryggingin tekur ekki til ferðar sem varir 5 daga eða skemur.

8. Kafli. Farangurs- og innkaupatrygging

19. gr. Hvað bætir tryggingin?

Félagið greiðir bætur vegna tjóns sem verður á einkamunum af völdum bruna, þjófnaðar, innbrots, ráns, skemmdarverka eða flutningssslyss.

20. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Félagið bætir ekki:

- tjón sem verður þegar váttryggður gleymir hlut, skilur eftir eða týnir honum.
- hærri upphæð en kr. 160.000 fyrir einstakan hlut, þar eða samstæðu.
- skemmdir sem hljóttast af mölflugum, meindýrum, ástandi andrúmslofts, veðráttu, eðlilegu sliti eða skemmdum, sem ekki rýra notagildi hins váttryggða hlutar.
- skemmdir á farangri vegna vökva, matvæla og annarra smitandi efna, sem höfð eru í farangri, nema almenningsfarartæki hlekkist á.
- tjón vegna skemmda á íþróttatækjum í notkun.
- tjón sem leiðir af eignaupptöku eða haldi á munum af hálfu tollgæslu eða annarra valdhafa.
- tjón á frimerkjum, peningum og hvers kyns verðmætum.
- tjón vegna skemmda á töskum í vörslu flugfélags eða annars flutningsaðila.
- tjón á hlutum sem stolið er eða sem hverfa úr læstum hibýlum, geymslum, bifreiðum eða bátum, án þess að um sannanlegt innbrot hafi verið að ræða.
- tjón á viðlegubúnaði í notkun vegna skemmda eða þjófnaðar, svo og tjón á farangri í tjöldum.
- tjón sem verður vegna þjófnaðar eða innbrots sem váttryggður hefur, af ásettu ráði eða stórkostlegu gáleysi, ekki tilkynnt lögreglu, í því landi sem þjófnaður átti sér stað, sé þess kostur, innan sólarhrings frá því að það varð eða skýrt var frá því.
- tjón vegna bruna, nema kviknað hafi í faratæki eða húsnæði.
- tjón á reiðhjólum sem geymd eru utandyra.
- tölvugögn og hugbúnað.

21. gr. Varúðarreglur

Váttryggður skal:

- loka gluggum, krækja þá aftur og læsa hibýlum, bílum, bátum og öðrum stöðum þar sem hinir váttryggðu munir eru skildir eftir.
- ekki skilja við hina váttryggðu muni eftirlitslausa á almannafæri og gæta þess að taka þá með þegar staður er yfirgefinn.
- sjá til þess að hinir váttryggðu munir séu í viðeigandi og fullnægjandi umbúðum til að þola flutning.
- ávallt læsa ferðatöskum sínum þegar þær eru ekki í umsjá hans.
- gæta fyllsta öryggis við vörslu hins váttryggða.

22. gr. Váttryggingarfjárhæð

- Váttryggingarfjárhæð er allt að kr. 400.000 fyrir hvern fullorðinn og allt að kr. 200.000 fyrir börn til loka 18 ára aldurs vegna tjóns á farangri, sem váttryggður hefur með sér á ferðalagi.
- Váttryggingarfjárhæð er allt að kr. 200.000 fyrir hvern fullorðinn og allt að kr. 100.000 fyrir börn til loka 18 ára aldurs vegna tjóns á einkamunum, sem váttryggður kaupir á ferðalagi erlendis og greiðir að fullu með Gullkortu.
- Hámarksbætur vegna úra og skartgripa geta aldrei orðið hærri en 50% af váttryggingarfjárhæð skv. a. og b. lið.
- Hámarksbætur á hverju almanaksári fyrir sig skv. a. og b. lið eru kr. 600.000 fyrir hvern fullorðinn og kr. 300.000 fyrir börn til loka 18 ára aldurs.

23. gr. Tilkynningarskylda

- Skilyrði fyrir bótum er að váttryggður geri þær ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar, til að sanna að tjónsatburðurinn hafi átt sér stað.
- Tilkynna skal lögreglu eða viðkomandi yfirvöldum, í því landi sem atburðurinn átti sér stað, um þjófnað, rán eða innbrot og fá skýrslu þar um. Tjón skal auk þess ávallt tilkynna fararstjóra, hóteli og bílaleigu ef við á.
- Tjón í flutningi skal tilkynna flutningsaðila þegar í stað og fá skýrslu þar um.

24. gr. Eigin áhætta

Váttryggðir bera eigin áhættu kr. 25.000 í hverjum tjónsatburði.

25. gr. Ákvörðun bóta

Bætur skulu miðast við verðmæti á tjónsdegi á nýjum hlut, sambærilegum þeim sem skemmdist. Félaginu er heimilt að draga frá bótum verðrýrnun vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti hlutarins.

Þrátt fyrir 1. mgr. geta afskriftir af eftirfarandi hlutum ekki orðið hærri en fram kemur í töflunni hér á eftir. Afskriftir geta aldrei orðið hærri en 70%.

Tegund	Ár án afskrifta	Afskriftir á ári eftir það
Fatnaður	1 ár	20%
Rafmagnstæki	1 ár	10%

Myndavélar	1 ár	15%
Reiðhjól	1 ár	15%
Gleraugu og heyrnatæki	1 ár	10%
Skiða-, golf- og útvistarbúnaður	1 ár	10%

Eftirtaldir munir afskrifast að fullu eftir 2 ár:

Tegund	Afskrifast á	Afskriftir á ári eftir það
Snjallsimar og farsimar ásamt fylgihlutum	6 mánaða fresti	25%

Eftirtaldir munir afskrifast að fullu eftir 5 ár:

Tegund	Ár án afskrifta	Afskriftir á ári eftir það
Spjaldtölvur og lófatölvur ásamt fylgihlutum	1 ár	25%
Borðtölvur og fartölvur ásamt fylgihlutum	1 ár	25%
Snjallúr og snjalltæki ásamt fylgihlutum	1 ár	25%

9. Kafli. Farangurstöf

26. gr. Hvað bætir tryggingin?

Félagið greiðir bætur til kaupa á nauðsynjum þegar váttryggður fær farangur sinn ekki afhentan þegar á ákvörðunarstað er komið, vegna tafar eða rangrar afgreiðslu fyrir hverja klukkustund umfram 12 tíma töf kr. 8.000, að hámarki kr. 24.000. Greitt er fyrir hvern váttryggðan 16 ára og eldri og til þriggja váttryggðra að hámarki vegna hvers tjónsatburðar. Einnig er greitt til barna yngri en 16 ára ef þau ferðast án samfylgdar forráðamanna.

Bætur skv. þessari grein eru greiddar án þess að leggja þurfi fram reikninga fyrir útlögðum kostnaði.

27. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Félagið greiðir ekki:

- bætur vegna tafa á farangri þegar váttryggður er á heimleið.
- bætur ef töfin stafar af því að váttryggður hafi ákvarðað ferðatíma í tengiflugi þrengri en lágmark viðkomandi flugfélags/flugvallar kveða á um og athugasemd er gerð um farbókun.

28. gr. Tilkynningarskylda

Tjónþola ber að framvísa til félagsins skriflegri staðfestingu frá flutningsaðila þar sem tímalengd og ástæða tafar kemur skýrt fram.

10. Kafli. Ábyrgðartrygging

Almennt bera menn skaðabótaábyrgð á tjóni sem þeir valda öðrum vegna mistaka eða vanrækslu. Þessi regla er nefnd sakarreglan og er hún grundvallarregla í íslenskum rétti. Ef sá sem sóttur er til greiðslu skaðabóta á ekki sök á tjóninu ber hann almennt ekki skaðabótaábyrgð. Hlutverk ábyrgðartryggingarinnar er að greiða tjónþola skaðabætur hafi váttryggður bakað sér skaðabótaábyrgð og tjónþoli ekki verið meðsekur eða meðábyrgur. Einnig að greiða kostnað sem váttryggður verður fyrir, ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum. Þar sem skaðabótaábyrgð er oft flókið lögfræðilegt úrlausnarefni, ber váttryggðum að leita samráðs við félagið um réttarstöðu sína, ef hann er krafinn um bætur vegna tjóns sem hann er talinn eiga sök á. Viðurkenning váttryggðs á skaðabótaskyldu sinni skuldbindur aðeins hann sjálfan, en ekki félagið. Váttryggður getur því með slíkri viðurkenningu átt það á hættu að þurfa að greiða sjálfur skaðabætur vegna tjóns, sem ábyrgðartryggingin tekur ekki til.

29. gr. Hvað bætir tryggingin?

Félagið greiðir bætur allt að kr. 40.000.000 vegna:

- líkamstjóns einstaklings sem leiðir af bótaskyldu háttsemi váttryggðs.
- tjóns eða skemmda á munum sem leiðir af bótaskyldu atferli váttryggðs, athöfn eða athafnaleysi.
- kostnaðar og útgjalda þriðja aðila sem innheimta má hjá váttryggðum annað hvort skv. íslenskum lögum eða lögum þess lands þar sem atvikið átti sér stað.
- málsvarnarlauna og annars kostnaðar og útgjalda váttryggðs vegna tjóns sem félagið hefur samþykkt að bæta.

30. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Félagið bætir ekki tjón sem leiðir af eða tengist:

- eignarhaldi, umráðum eða notkun vélknúinna farartækja.
- ábyrgð vinnuveitanda, ábyrgð samkvæmt samningum eða ábyrgð gagnvart nánum ættingja váttryggðs.
- ábyrgð á dýrum sem tilheyra váttryggðum, eru í vörslu hans eða umsjá.
- hvers kyns skemmdarverkum, sem unnin eru af ásetningi eða í óvild.
- ábyrgð sem skapast vegna verslunar, viðskipta eða starfs.
- ábyrgð vegna eignarhalds á landi og byggingum.
- notkun skotvopna, fallhlífarstökkí, svifflugi, svífðrekaflugi, loftbelgsflugi, skipulögðum íþróttum og atvinnu, sem talist getur lífshættuleg.
- hlutum í eigu þriðja aðila sem skemmast eða tynast á meðan þeir eru í vörslu váttryggðs.
- hlutum sem tryggingartaki er með á leigu eða að láni.

31. gr. Eigin áhætta

Váttryggður ber eigin áhættu kr. 25.000 í hverju tjóni.

11. Kafli. Almenn ákvæði

32. gr. Tilkynningarskylda

Tilkynna ber félaginu þegar í stað um slys eða hvers kyns önnur atvik sem kunna að leiða til kröfu á félagið. Váttryggðum ber að leggja fram á eigin kostnað öll þau gögn sem félagið kann að krefjast til sönnunar kröfu, s.s. læknisfræðileg gögn eða eftir atvikum lögregluskýrslu. Eyðublið fyrir tjonstilkynningar fást hjá félaginu og á vefsíðu félagsins; [vordur.is](#).

Engum er heimilt án skriflegs samþykkis félagsins að viðurkenna ábyrgð, gefa yfirlýsingar eða aðrar skuldbindingar fyrir þess hönd. Komi til málsóknar vegna kröfu er varðar bótaskyld tjón, eða endurkröfu á þriðja aðila, annast félagið allan rekstur málsins og ræður lögmann að eigin vali.

33. gr. Frestur til að tilkynna tjón

Váttryggður glatar rétti til bóta ef hann:

- tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á.
- hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 51. eða 124. gr. laga nr. 30/2004.

34. gr. Greiðsla bóta og vextir

- Tjónabætur greiðast inn á bankareikning korthafa, eftir atvikum að frádreginni eigin áhættu.
- Dánar- og örorkubætur greiðast skv. skilmálum eins kreditkorts, en eru að öðru leyti óháðar öðrum váttryggingum, sbr. þó ákvæði í 1. kafla um gildisákvæði.
- Bætur greiðast aðeins úr tryggingu eins kreditkorts fyrir hvern váttryggðan vegna hvers tjónsatburðar.
- Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra gagna sem þörf var á til að meta bótaskyldu og ákveða fjárhæð bóta.
- Váttryggður á rétt á vöxtum af kröfu sinni eftir atvikum skv. 50. eða 123. gr. laga nr. 30/2004.
- Eigi váttryggður bótakröfu á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns, öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt váttryggðum bætur.
- Við andlát váttryggðs, sem leiðir til bótakröfu á hendur félaginu, áskilur það sér rétt til að láta fara fram líkskoðun á eigin kostnað.
- Sé félagið bótaskyldt í tjóni skv. váttryggingarskilmálum þessum og önnur váttrygging nær jafnframt til sama tjóns, greiðir félagið eingöngu bætur eftir hlutfallslegri ábyrgð, sbr. þó 14. gr. skilmálans.

35. gr. Brot á upplýsingaskyldu – Svik og rangar upplýsingar

Komi í ljós að váttryggður eða sá sem kemur fram fyrir hans hönd hafi viðhaft svik til að koma fram kröfu á félagið, fellur niður allur réttur til bóta.

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og váttryggingarburður orðið ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 20. gr. eða 1. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004, fellur niður allur réttur til bóta. Hafi váttryggingartaki eða váttryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 20. gr. eða 2. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004.

Ef váttryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta fellur niður allur réttur hans samkvæmt skilmála þessum og öðrum váttryggingarsamningum vegna hins tiltekna váttryggingarburðar, sbr. 2. mgr. 47. gr. eða 2. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004.

36. gr. Tvítrygging

Bætur greiðast aðeins úr tryggingu eins kreditkorts fyrir hvern váttryggðan vegna hvers tjónsatburðar. Ef hagsmunir þeir sem váttrygging þessi tekur til eru einnig váttryggðir með annarri váttryggingu getur váttryggður valið úr hvaða váttryggingu hann krefst bóta, þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til. Ef fleiri en eitt váttryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu. Það félag, sem bætir tjónið, getur endurkrafið önnur félög hlutfallslega.

Ákvæði þetta á ekki við um ferðaslysáttryggingu.

37. gr. Endurkröfuréttur

Eigi váttryggður fébótakröfu á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns, öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt váttryggðum bætur. Váttryggður skal í slíkum tilvikum gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja kröfuna þar til félagið getur sjálft gætt hagsmuna sinna.

38. gr. Háttsemi annarra einstaklinga en váttryggðs

Ákvæði, sem kveða á um að réttur váttryggðs eða þriðja aðila til bóta úr skaðatryggingum skerðist eða falli niður vegna athafna eða athafnaleysis váttryggðs, eiga einnig við um samsvarandi háttsemi manns sem með samþykki váttryggðs er ábyrgur fyrir hinu váttryggða sem og háttsemi maka váttryggða sem býr með honum og manns sem hinn váttryggði býr með í föstu varanlegu sambandi, sbr. 2. mgr. 29. gr. vsl.

39. gr. Réttur við andlát váttryggðs

Við andlát váttryggðs, sem leiðir til bótakröfu á hendur félaginu, hefur félagið rétt til að láta fara fram krufningu.

40. gr. Ásetningur eða stórkostlegt gáleysi

Hafi váttryggður valdið af ásetningu eða af stórkostlegu gáleysi að váttryggingarburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins sbr. 1. og 2. mgr. 27. gr., 89. gr. og 90. gr. laga nr. 30/2004.

41. gr. Brot á varúðarreglum

Varúðarreglur eru háttennisreglur sem settar eru í því skyni að koma í veg fyrir og takmarka tjón. Það er forsenda fyrir greiðslu bóta að settum varúðarreglum sé ávallt fylgt. Hafi váttryggður af stórkostlegu gáleysi valdið því að váttryggingarburður varð með því að hlíta ekki varúðarreglum eða öðrum fyrirmælum í váttryggingarsamningi má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 26. gr. eða 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004. Í ferðaslysáttryggingu og sjúkratryggingu er heimild til þess að fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta háð því að váttryggður hafi af stórkostlegu gáleysi valdið því að váttryggingarburður varð með því að hlíta ekki varúðarreglum, sbr. 2. ml. 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004.

42. gr. Tjónagrunnur

Öll tjón sem tilkynnt eru til félagsins eru skráð í sérstakan tjónagrunn sem hýstur er af Creditinfo. Í tjónagrunninn mun félagið skrá kennitölu tjónþola ásamt upplýsingum um tegund tryggingar, tegund tjóns, dagsetningu tjóns, dagsetningu skráningar í tjónagrunninn, staðsetningu tjóns og einkvæmu númeri tjónþola, s.s. númeri ökutækis.

Tilgangurinn með skráningu framangreindra upplýsinga í tjónagrunninn er að reyna að koma í veg fyrir váttryggingarsvik og ofgreiðslu váttryggingarbóta, s.s. þegar tjónsatvik er tilkynnt til fleiri en eins tryggingafélags án gildra ástæðna. Vinnsla upplýsinga í öðrum tilgangi er óheimil.

Eingöngu þeir starfsmenn félagsins sem starfa að tjónauppgjöri hafa aðgang að tjónagrunninum og er aðgangur þeirra háður því skilyrði að þeir gefi upp tilefni vinnslunnar í hvert sinn sem upplýsingunum er flett upp. Öllum upplýsingum verður eytt úr tjónagrunninum þegar þeirra gerist ekki lengur þörf í þágu tilgangs vinnslunnar, þó í síðasta lagi þegar tíu ár eru liðin frá skráningu upplýsinganna.

43. gr. Takmörkun vegna stærri atburða

Ef í einum og sama váttryggingaratburði verður slys á mörgum einstaklingum sem váttryggðir eru með ferðatryggingum korthafa kreditkorta, takmarkast heildarbætur félagsins við USD 25 milljónir eða samsvarandi fjárhæð í íslenskum krónum. Komi til skerðingar bóta vegna þessa ákvæðis, verður hún hlutfallsleg miðað við bótafjárhæðir sem sérhver bótaþegi hefði ella átt rétt til.

44. gr. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga

Öll vinnsla félagsins á persónuupplýsingum fer fram í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, hér eftir pvl.

Persónuupplýsingar eru þær upplýsingar sem hægt er að greina beint eða óbeint, svo sem með tilvísun í auðkenni eins og nafn, kennitölu, staðsetningargögn o.fl., sbr. 2. tl. 3. gr. pvl. Með vinnslu persónuupplýsinga er átt við aðgerð eða röð aðgerða þar sem persónuupplýsingar eru unnar, hvort sem vinnslan er sjálfvirk eða ekki, svo sem söfnun, skráning, flokkun, miðlun og dreifing, sbr. 4. tl. 3. gr. pvl.

Persónuverndarstefna félagsins er aðgengileg á heimasíðu félagsins en þar má finna nánari útlistun á því hvernig félagið vinnur persónuupplýsingar og í hvaða tilgangi. Í persónuverndarstefnu félagsins má einnig finna varðveislutíma persónuupplýsinga, réttindi einstaklinga og tengiliðar upplýsingar persónuverndarfulltrúa félagsins.

45. gr. Meðferð ágreiningsmála

Verði ágreiningur um váttrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningum sem Ísland er bundið af.

Ágreiningi varðandi váttryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Váttryggingartaki getur aflað sér frekari upplýsinga um úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum inn á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins (fme.is) og heimasíðu nefndarinnar (www.nefndir.is.)

Þrátt fyrir úrræði skv. 2. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Skulu slík mál rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

46. gr. Heimili félagsins og varnarþing

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

47. gr. Almennar takmarkanir á bótaskyldu

Félagið bætir ekki tjón sem beint eða óbeint leiðir af:

- beitingu eða notkun hvers kyns kjarnorkuvopna eða kjarnorkubúnaðar sem orsakað getur sprengingu, geislun, losun, dreifingu, sleppingu eða leka kjarnakleyfs efnis sem gefur frá sér geislavirkni.
- beitingu eða notkun efnavopna sem orsakað getur losun, dreifingu, sleppingu, eða leka hvers kyns efnasambands í föstu formi, fljótandi eða loftkenndu.
- beitingu eða notkun líffræðilegra vopna, sem orsakað getur losun, dreifingu, sleppingu eða leka hvers kyns sjúkdómsvaldandi örvera, lífrænt framleiddra eiturefna (að meðtöldum erfðabreyttum lífverum eða nýjum og óþekktum eiturefnum).
- stríði, innrás, hernaðaráttökum, borgarastríði, uppreisn, byltingu, vopnaðri baráttu gegn stjórnvöldum, borgararóstum sem jafna má við uppreisn, valdatöku hers eða valdarán.
- skaða, kostnað eða útgjöld, hvaða eðlis sem vera kann sem beint eða óbeint orsakast af, eru afleiðingar af eða eiga sér stað í sambandi við hvers kyns aðgerðir, sem gripið er til í því skyni að hafa stjórn á, koma í veg fyrir, bæla niður eða tengjast á einhvern hátt liðum a., b., c. og d. hér að ofan.
- fjallaklifri, bjargsigi, fallhlífarstökki, loftbelgjaflugi, teygjustökki, svíf drekaflugi, svíf flugi, siglingum á bátum sem róið er niður straumharðar ár og fljót, kappreiðum, froskköfun eða öðrum athöfnum neðansjávar eða neðanjarðar. Sama á við um aðrar áhættuþróttir.
- bifreiða- og vélaiþróttum eða notkun vélhjóla, hvort sem váttryggður er ökumaður eða farþegi. Takmörkunin varðandi vélhjól á þó ekki við ef um er að ræða notkun létts bifhjóls sem er 50 cc eða minna og nær allt að 25 km hraða, sem tekið er á leigu í ferðalagi og fellur undir váttryggingu þessa.
- slyss sem verður í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers kyns íþróttum nema um sé að ræða börn yngri en 16 ára.
- flugi, öðru en farþegaflugi gegn gjaldi hjá skráðu flugfélagi með tilskilin leyfi.
- jónandi geislun eða mengun af völdum hvers konar kjarnorkueldsneytis eða hvers konar kjarnorkuúrgangs eða brennslu kjarnorkueldsneytis.
- geislun, eitrun, sprengingum eða öðrum hættulegum eða mengandi eiginleikum frá kjarnorkustöðvum, kjarnaofnum eða öðrum kjarnorkubúnaði eða hluta þeirra.
- handalögmálum eða þátttöku í refsiverðum verknaði.

- m.** jarðskjálfta, eldgosi, skriðufalli, snjóflóði, vatns- eða sjávarflóði og hvers kyns náttúruhamförum án tillits til orsaka þeirra.
- n.** slysum sem eiga sér stað á ferðalögum á Íslandi og rekja má til notkunar skráningarskylds ökutækis sbr. 8. og 9. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.

Skilmáli þessi gildir frá 15.01.2023

12. SOS INTERNATIONAL

Neyðarþjónusta vegna slysa og veikinda erlendis.

48. gr. Slysa- og sjúkraþjónusta

Slysa- og sjúkraþjónustan er hluti af sjúkrakostnaðarþætti váttryggingarinnar. Fyrir aðra þjónustu sem SOS INTERNATIONAL veitir er öll ráðgjöf látin ókeypis í té, en innheimt er fyrir veitta aðstoð á kostnaðarverði. Jafnan skal tilkynna SOS INTERNATIONAL svo fljótt sem verða má um alvarleg slys eða sjúkleika váttryggðs sem er á ferðalagi erlendis og taka fram að hann sé tryggður með Arion banka kreditkorti.

Þjónusta SOS INTERNATIONAL vegna slyss eða sjúkdóms erlendis greiðist af Arion banka ferðatryggingu korthafa hjá félaginu, að því tilskildu að greiðsla ferðakostnaðar með Arion banka korti hafi verið skv. skilmálum.

Innheimt er fyrir aðra þjónustu sem SOS INTERNATIONAL veitir á kostnaðarverði, en öll ráðgjöf er veitt ókeypis. Þegar leitað er upplýsinga eða aðstoðar SOS INTERNATIONAL er nauðsynlegt að gefa upp kortanúmer, nafn, kennitölu og heimilisfang korthafa og taka fram að hann sé tryggður með Arion banka kreditkorti.

Reyndir starfsmenn annast eftirfarandi:

- að veita ráðgjöf og gefa upp nöfn, heimilisföng og símanúmer viðurkenndra lækna, læknastofa eða sjúkrahúsa og tannlækna um heim allan.
- að samband verði haft við sjúkrahús og ábyrgð sett fyrir kostnaði, ef þörf krefur.
- að ræða við lækna og starfsmenn sjúkrahúss á yfir 30 tungumálum.
- heimflutningi og besta ferðamáta í samræmi við ástand sjúklings.
- að ætíð þegar þess er þörf verði hjúkrunarfólk látið fylgja sjúklingi.
- að aðstoða við og skipuleggja heimferð ættingja hins sjúka eða slasaða.
- að skipuleggja og aðstoða við heimferð barna hins sjúka eða slasaða í öruggri fylgd fullorðins, sé þess þörf.
- að veita aðstoð vegna almennra tryggingarmála, meðhöndlun slysa og hættuástands.

49. gr. Ferðarþjónusta

Gefnar eru upplýsingar um eftirfarandi og veitt aðstoð sé þess óskað:

- áritun vegabréfa, ónæmisaðgerðir, veðurfar, ástand vega og skilyrði til ferðalaga, heilbrigðisþjónustu o.fl.
- endurnýjun glataðra eða stolinna vegabréfa, farseðla og ferðaskilríkja.

50. gr. Símaþjónusta í viðlöggum

Neyðarþjónusta SOS INTERNATIONAL er veitt allan sólarhringinn, allt árið um kring.

Sími í Danmörku (45) 70 10 50 50

Fax í Danmörku (45) 70 10 50 56

Netfang sos@sos.dk

Heimasíða www.sos.dk

Vörður Tryggingar hf.

Sími: 354 514 1000

Netfang: vordur@vordur.is

Heimasíða: www.vordur.is

Neyðarþjónusta Valitor utan opnunartíma Arion banka: 354 525 2000